



# STEFNUMÖRKUN UM SAFNASTARF

## AÐGERÐAÁÆTLUN





Safnaráð  
The Museum Council  
of Iceland

Stefnumörkun um safnastarf · Aðgerðaáætlun 2023  
Útgefandi: Safnaráð

---

# EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Meginmarkmið og aðgerðaráætlun	4-5
Aðgerð 1 - Söfn fyrir öll - kynning á safnastarfi	6-7
Aðgerð 2 - Efling innviða	8-9
Aðgerð 3 - Faglegt starf - undirstaða verndunar menningar- og náttúruarfs	10-11
Aðgerð 4 - Varðveisla þekkingar og samstarf safna	12-13
Aðgerð 5 - Fræðsluhlutverk safna	14-15
Aðgerð 6 - Þekkingarsköpun á söfnum og fræðastörf	16-17

---

# INNGANGUR

*Stefnumörkun um safnastarf*<sup>1</sup> var samþykkt af ráðherra og útgefin í júní 2021. Stefnumörkunin nýtist til að skilgreina verkefni og ná utan um mikla ábyrgð safna, eigenda þeirra og eftirlitsaðila.

Þessari aðgerðaráætlun er ætlað að styðja við Stefnumörkun um safnastarf en einnig við aðgerðaáætlun Menningarsóknar, aðgerðaráætlunar Menningarstefnu Íslands<sup>2</sup>.

Í þessari aðgerðaáætlun eru settar fram sex aðgerðir sem vinna að markmiðum stefnunnar. Aðgerðaáætlunin leggur línurnar um áherslumál næstu þriggja ára. Gildistími þessarar fyrstu aðgerðaáætlunar er 2023-2026 en að þeim tíma liðnum verður hún endurskoðuð og ný aðgerðaáætlun sett fram. Áhersla er lögð á fimm lykilþætti og geta aðgerðirnar tengst einum eða fleiri þáttum í senn.

## **Lykilþættir aðgerðaáætlunar eru eftirfarandi:**

- Rekstraröryggi
- Efling þekkingar innan safna
- Faglegur aðbúnaður safnkosts
- Tengsl við samfélagið
- Sjálfbærni og varðveisla til framtíðar

<sup>1</sup> Unnin skv. b-lið, 2.m.gr., 7.gr. safnalaga nr. 141/2011. Sjá skjal á vef safnaráðs <https://safnarad.is/um-safnarad/stefnumorkun-um-safnastarf/>

<sup>2</sup> Sjá á vef stjórnarráðsins: <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2021/09/24/Menningarsokn-adgerdaaetlun-um-listir-og-menningu/>

---

# MEGINMARKMIÐ OG AÐGERÐARÁÆTLUN

Sjö meginmarkmið liggja til grundvallar Stefnumörkunar um safnastarf en undir hverju og einu meginmarkmiði eru skilgreindar leiðir þeim til stuðnings. Aðgerðirnar sem hér eru settar fram skarast og styðja við fleiri en eitt meginmarkmið.

## Meginmarkmið stefnumörkunar um safnastarf:

- Söfn í samfélaginu - Að þróa samfélagslegt hlutverk safna  
Leiðir að markmiðum: Aðgengi að söfnum og safnkosti, samtali við samfélagið, samfélagsleg ábyrgð
- Söfn og faglegur grunnur - Að bæta og tryggja faglegt umhverfi safna  
Leiðir að markmiðum: Styrk menningarstjórnsýsla, öflugur safnasjóður, eigendastefna safna, gæði í safnastarfi, stefnumörkun og langtímaáætlanir
- Söfn og mannauður - Að efla mannauð og fagkunnáttu  
Leiðir að markmiðum: Menntun safnafólks, öflug sámenntunarstefna, varðveisla þekkingar og öflugt upplýsingaflæði
- Söfn og samstarf - Að hvetja til samstarfs og samnýtingar  
Leiðir að markmiðum: Öflugt samstarf safna, þekkingargátt í safnastarfi, samstarf í menningarstjórnsýslu, alþjóðlegt samstarf
- Söfn og menntun - Að efla fræðslu- og menntunarhlutverk safna  
Leiðir að markmiðum: Áhersla á faglega safnfræðslu, öflugt samstarf við menntakerfið, öflug tenging við háskóla- og fræðasamfélagið
- Söfn og rannsóknir - Að efla rannsóknir á öllum sviðum safna  
Leiðir að markmiðum: Skýr rannsóknastefna, fjölbreyttar tegundir rannsókna, stuðningur við fræðilegar rannsóknir, aðgangur að frumgögnum, þróun tölfraeði og hagvísu um safnastarf
- Söfn, nýsköpun og sjálfbærni - Að hvetja til nýsköpunar og sjálfbærni í safnastarfi  
Leiðir að markmiðum: Stafræn miðlun, höfuðsöfn leiða og styðja við nýsköpun í safnastarfi, sjálfbærni í safnastarfi

Samfélagslegt hlutverk safna er í brennidepli um þessar mundir. Söfn eru fyrir alla og allir hópar samfélagsins eiga að upplifa sig velkomna á söfnum bæði sem virkir þátttakendur og gestir. Þegar ICOM – Alþjóðaráð safna endurskoðaði skilgreiningu á hugtakinu safn, var horft til samfélagsþátttöku safna og möguleika þeirra til að vera málsmetandi og hafa áhrif í hverju samfélagi fyrir sig. Skýr stefna, bæði hjá söfnum og stjórnvöldum, er ein af forsendum þess að hlutverk safna, markmið þeirra í rekstri og víðtæk áhrif safna í samfélaginu séu sýnileg.

Ný skilgreining á söfnum hefur nú verið samþykkt hjá ICOM:

*„Safn er varanleg stofnun, ekki rekin í hagnaðarskygni, sem þjónar samfélaginu með rannsóknum, söfnun, varðveislu, túlkun og miðlun á áþreifanlegri og óáþreifanlegri arfleifð. Söfn eru opin almenningi, aðgengileg og inngildandi og stuðla með því að fjölbreytileika og sjálfbærni. Í starfi sínu og virkum samskiptum við ólíka samfélagshópa hafa þau fagmennsku og siðferðileg gildi að leiðarljósi og bjóða upp á margvíslegar upplifanir í þágu menntunar, ánægju, ígrundunar og þekkingarauka.“<sup>3</sup>*

Söfnum ber að fylgja siðareglum ICOM í hvívetna.

<sup>3</sup> Sjá á vef Íslandsdeildar ICOM: <https://icom.is/althjodaradid/#safnaskilgreiningin>

---

## Starfshópur um aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlunin er unnin í víðtæku samráði við safnafólk en undirbúningur hennar hófst með vinnustofu á Farskóla FÍSOS - fagráðstefnu safnafólks í október 2021.

Á haustmánuðum 2022 var skipaður starfshópur til að vinna aðgerðaáætlun til að fylgja stefnumörkuninni eftir. Starfshópurinn skipaðu 8 manns, fulltrúar höfuðsafna, viðurkenndra safna auk fulltrúa safnaráðs:

Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri safneignar, Þjóðminjasafn Íslands  
Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri, Byggðasafn Skagfirðinga  
Dagný Heiðdal, sérfræðingur, Listasafn Íslands  
Helga Lára Þorsteinsdóttir, fulltrúi í safnaráði f.h. ICOM og safnstjóri RÚV  
Hjörtur Þorbjörnsson forstöðumaður, Grasagarður Reykjavíkur  
Hólmar Hólm kynningarfulltrúi, Hafnarborg - menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar  
Klara Þórhallsdóttir sérfræðingur, safnaráð  
Snæbjörn Guðmundsson sérfræðingur, Náttúruminjasafn Íslands  
Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs

Aðgerðaráætlunin er unnin í samstarfi safnaráðs og höfuðsafnanna. Að því komu:

Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs  
Klara Þórhallsdóttir, sérfræðingur safnaráðs  
Harpa Þórsdóttir, þjóðminjavörður, Þjóðminjasafn Íslands Dr. Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður,  
Náttúruminjasafn Íslands Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri, Listasafn Íslands

Aðgerðaráætlunin var unnin undir verkstjórn Jóhönnu Símonardóttur hjá Sjá ráðgjöf.

---

# AÐGERÐ 1 - SÖFN FYRIR ÖLL - KYNNING Á SAFNASTARFI

Mikilvægt er að huga að jöfnu aðgengi allra að menningar- og náttúruarfinum. Söfn eru fyrir öll, þau eru inngildandi og endurspeglar fjölmenningu í landinu. Söfnin eiga að vera sýnileg og virkir þátttakendur í samfélaginu en jafnframt huga að þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni.

Söfn eru hvött til að efla tengsl við nærsamfélagið um málefni líðandi stundar og starfi tengt heims- markmiðum Sameinuðu þjóðanna þegar við á. Virk þátttaka safna í samfélagsmálum endurspeglar í sýningum og viðburðum þeirra. Eins er mikilvægt að efla samvinnu við innlendir og alþjóðlegar stofnanir til að ná til sem flestra samfélagshópa.

Á tímabilinu verður unnið markvisst að eflingu kynningarmála safna. Í því felst að gera sameiginlegar áætlanir í samstarfi við helstu hagaðila. Samhliða því verður unnið að kynningu fyrir stjórnarsýslu á öflugum starfi safna.

- I. Efla skal samstarf safna við þjónustuveitendur, félagasamtök og alþjóðastofnanir sem sinna málefnum ólíkra jaðarsettra hópa í samfélaginu.<sup>4</sup>
- II. Áhugi kannaður á samstarfi safna og safnaráðs við FÍSOS, ICOM og eigendur safna<sup>5</sup> um sameiginlega markaðs- og kynningaráætlun fyrir innlenda og erlenda gesti í samstarfi við viðeigandi aðila.<sup>6</sup> Í því samhengi þyrfti að kortleggja þarfir ferðamanna á söfnum. Kynningaráætlanir einstakra safna og höfuðsafna skulu hafa til viðmiðunar niðurstöðu rannsóknar um menningarneyslu og þátttöku (sjá Menningarsókn - aðgerðaáætlun til 2030<sup>7</sup>, Markmið 2, Fjölbreytt og opið menningarlíf, Aðgerð 1).
- III. Safnaráð, höfuðsöfn, FÍSOS og ICOM vinna sameiginlega að því að kynna safnamál fyrir stjórnarsýslunni, alþingis- og sveitarstjórnarmönnum og öðrum aðilum í stjórnkerfinu. Leitað verður eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga um kynningu á safnastarfi, t.a.m. á fundum sambandsins. Samhliða verður reynt að vinna með hagaðilum í ferða- þjónustu og stærri eigendum safna að því að vekja áhuga á safnamálum og gildi safna þegar kemur að því að kynna landið fyrir ferðamönnum.

<sup>4</sup> Sjá aðgerð 3.5 og markmið 7.3 í Stefnumörkun

<sup>5</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkið

<sup>6</sup> Sem dæmi Íslandsstofa, Ferðamálastofa og SAF (Samtök ferðaþjónustunnar)

<sup>7</sup> <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2021/09/24/Menningarsokn-adgerdaaetlun-um-listir-og-menningu/>

---

## Ábyrgðaraðilar

Safnaráð, höfuðsöfn, viðurkennd söfn

## Mögulegir samstarfsaðilar

Samband íslenskra sveitarfélaga, hagaðilar í ferðaþjónustu, alþjóðlegar stofnanir (RKÍ)

## Mælikvarðar

- Samstarf hagaðila hefjist á árinu 2023
- Heimsóknartölur, fjöldi gesta, fjöldi erlendra ferðamanna, sýnileiki í opinberri umræðu og á samfélagsmiðlum – fengið úr árlegum skýrslum safna

## Tengist markmiðum í Stefnumörkun um safnastarf

- 1.1 Aðgengi að söfnum og safnkosti
- 1.2 Samtal við samfélagið
- 1.3 Samfélagsleg ábyrgð
- 4.1 Öflugt samstarf safna
- 4.3 Samstarf í menningarstjórnsýslu
- 4.4 Alþjóðlegt samstarf

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Aðgerðin styður við eftirfarandi heimsmarkmið:

- 4 Menntun fyrir alla
- 10 Aukinn jöfnuður
- 11 Sjálfbærar borgir og samfélög (Vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð)
- 17 Samstarf um heimsmarkmiðin



---

## AÐGERÐ 2 - EFLING INNVIÐA

Safnaráð er mikilvægur hlekkur í menningarstjórnsýslu landsins. Lögbundið hlutverk þess er að styrkja safnastarf í landinu í samstarfi við hagaðila og með eftirliti sínu styður safnaráð við faglegt safnastarf. Öflugt og gott samstarf við menningarráðuneytið er grundvöllur þess að safnaráð geti sinnt hlutverki sínu. Umfang þeirra verkefna sem safnaráði hafa verið falin hefur aukist sem kallar á meira fjármagn. Vinna þar að endurskoðun safnalaga m.a. til að skýra viðurkenningarferli og viðeigandi ráðstafanir ef söfn uppfylla ekki kröfur.

Safnasjóður er tæki til að fylgja eftir þeim áherslum sem unnið er eftir hverju sinni. Aðgerðaáætlun stefnumörkunar mótar áherslur í styrkveitingum og eykur þannig gagnsæi þeirra.

Stuðningur eigenda við söfn er undirstaða þess að söfn geti dafnað. Brýnt er að skerpa á ábyrgð þeirra og því þarf eigendastefna safns að liggja fyrir. Eigendastefnan skýrir t.a.m. hlutverk og ábyrgð eigenda og endurspeglar hvernig tryggja á rekstrargrundvöll safnsins. Skýr eigendastefna ásamt öflugu eftirliti safnaráðs eykur gæði í safnastarfi.

- I. Safnaráð og höfuðsöfn, í samráði við viðeigandi fagaðila, stuðla að gerð leiðbeininga fyrir safnastarf (t.d. vegna skráningar, varðveislu, forvörslu o.fl.). Auk þess verður þekkingargátt<sup>8</sup> tæki til að miðla og leiðbeina söfnum en þar verður að finna leiðbeiningar og handbækur um safnastarf.
- II. Eftirlit safnaráðs með viðurkenndum söfnum verður endurskoðað, þróað áfram og eflt.
- III. Safnaráð gerir kröfu um eigendastefnu fyrir viðurkennd söfn og að þau skili inn eigendastefnu fyrir árslok 2024. Eigendur fleiri en eins viðurkennds safns eru hvattir til að gera eina eigendastefnu fyrir öll söfnin. Safnaráð útbýr sniðmát um eigendastefnu fyrir söfnin til þess að aðstoða þau við innleiðingu hennar.

<sup>8</sup> Sjá aðgerð 4.1 og markmið 4.2 í Stefnumörkun

---

## Ábyrgðaraðilar

Safnaráð, höfuðsöfn

## Mögulegir samstarfsaðilar

Menningarráðuneyti, eigendur safna (t.a.m. sveitarfélög)

## Mælikvarðar

- Eftirlit safnaráðs endurskoðað fyrir lok gildistíma aðgerðaráætlunar
- Setja af stað tilraunaverkefni um innleiðingu eigendastefnu
- Öll viðurkennd söfn hafi innleitt eigendastefnu fyrir árslok 2026, sem fylgt verður eftir með eftirliti safnaráðs

## Tengist markmiðum í Stefnumörkun um safnastarf

- 2.1 Styrk menningarstjórnsýsla
- 2.2 Öflugur safnasjóður
- 2.3 Eigendastefna safna
- 2.4 Gæði í safnastarfi, stefnumörkun og langtímaáætlanir
- 2.6 Stuðningur með eftirliti
- 4.2 Þekkingargátt í safnastarfi

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Aðgerðin styður við eftirfarandi heimsmarkmið:

4 Menntun fyrir alla

10 Aukinn jöfnuður

11 Sjálfbærar borgir og samfélög (Vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð)

---

## AÐGERÐ 3 - FAGLEGT STARF - UNDIRSTAÐA VERNDUNAR MENNINGAR- OG NÁTTÚRUARFS

Faglegt starf er undirstaða starfsemi safna og ávallt skal unnið að því að efla gæði starfsins. Í því felst að setja staðla um skráningar og aðgengi að upplýsingum um meðhöndlun og varðveislu safnkosts. Stefnur safna þurfa að endurspeglar hvernig faglegt starf safnsins er unnið. Hluti safnkosts margra safna telst í hættu, t.d. af völdum loftslags- og náttúruvárs. Lögð verður áhersla á að skrá og rannsaka þann hluta sem og forgangsraða því sem skal verja. Eigendur safna þurfa að tryggja að söfn hafi sérhæfð varðveislurými við hæfi um allt land og jafnvel skoða samvinnu um varðveisluhúsnæði innan ákveðinna svæða.

Huga þarf að framtíð skráningarkerfa safna á Íslandi. Stjórnvöld og eigendur safna eiga að styrkja Rekstrarfélag Sarps í þróun á skráningarkerfi. Hvetja á til aukinnar aðkomu ríkis og sveitarfélaga að rekstri Sarps, en nú er reksturinn að stærstum hluta borinn uppi af söfnunum. Jafnframt er mikilvægt að söfnin haldi áfram að þróa nýjar leiðir í stafrænni skráningu, með tilliti til stórsóknar í yfirfærslu, varðveislu og aðgengi að menningarefni (sjá Menningarsókn - aðgerðaáætlun til 2030<sup>9</sup>).

Ótal tækifæri felast í tækni og mikilvægt að söfn taki virkan þátt í örrí þróun og nýsköpun á þeim vettvangi. Mótun stafrænnar stefnu gegnir þar lykilhlutverki. Umhverfi safna felur í sér hvatningu til nýsköpunar og þau tækifæri ber að nýta, ekki síst með tilliti til þeirra breytinga sem miða að sjálfbærni í safnastarfi.

Söfn taka markvisst þátt í því að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stefnu stjórnvalda.

- I. Öll viðurkennd söfn skili inn stefnumörkun um starfsemi sína til viðeigandi höfuðsafns á fjögurra ára fresti (sbr. 2.mgr. 14.gr. safnalaga nr. 141/2011). Stefnumörkun skal innihalda m.a. söfnunarstefnu, grisjunarstefnu, varðveislúáætlun, rannsóknaráætlun og stafræna stefnu. Söfn skulu einnig gera grisjunaráætlun eins og við á.
- II. Sérstök áhersla verður lögð á skráningu, fræðslu og miðlun með stafrænum leiðum. Höfuðsöfn og söfn standa fyrir vinnustofum fyrir safnafólk um stafræna miðlun á náttúru- og menningararfi.
- III. Safnaráð og höfuðsöfn hafi samráð við Rekstrarfélag Sarps um útfærslu skráningarstaðals. Skráningarstaðall skal innihalda m.a. stefnu um varðveislu og staðsetningu stafrænna gagna.
- IV. Innleiðing neyðaráætlana fyrir viðurkennd söfn og safnkost. Í þeirri vinnu felst m.a. áhættu mat á því hvernig bregðast eigi við ef minjum og safnkosti stafar ógn af utanaðkomandi vá, s.s. umhverfisvá, auk neyðaráætlunar fyrir hvert safn. Tekið verður mið af Haag-samningi UNESCO frá 1954 um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum<sup>10</sup>.
- V. Höfuðsöfn, viðurkennd söfn, safnaráð og félög í safnastarfi skoða leiðir til að vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í safnastarfi.

---

## Ábyrgðaraðilar

Safnaráð, höfuðsöfn, viðurkennd söfn

## Mögulegir samstarfsaðilar

Rekstrarfélag Sarps, aðrir hagaðilar (s.s. FÍSOS, ICOM, Blái skjöldurinn) og stofnanir

## Mælikvarðar

- Skráningarstaðall útfærður
- Viðmið um stafræna skráningu
- Verkferlar í tengslum við áhættumat skilgreindir
- Neyðaráætlanir safna
- Stefnumörkun viðurkenndra safna skilað (fjöldi)
- Tekið saman hvernig úthlutanir úr safnasjóði tengjast aðgerðaráætlun og heimsmarkmiðum (upplýsingareitur í umsóknareyðublaði)
- Fjöldi verkefna sem tengd eru heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
- Fræðsla um hvernig heimsmarkmiðin geti tengst safnastarfi

## Tengist markmiðum í Stefnumörkun um safnastarf

- 1.1 Aðgengi að söfnum og safnkosti
- 2.4 Gæði í safnastarfi, stefnumörkun og langtímaáætlanir
- 2.5 Langtímavarðveisla
- 2.6 Stuðningur með eftirliti
- 7.1 Stafræn miðlun
- 7.2 Höfuðsöfn leiða og styðja við nýsköpun í safnastarfi
- 7.3 Sjálfbærni í safnastarfi

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Aðgerðin styður við eftirfarandi heimsmarkmið:

- 4 Menntun fyrir alla
- 10 Aukinn jöfnuður
- 11 Sjálfbærar borgir og samfélög (Vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð)
- 12 Ábyrg neysla og framleiðsla (Ferðapjónusta í sátt við náttúru og samfélag)
- 13 Aðgerðir í loftslagsmálum (Viðbragðsáætlanir/forvarnir, meðvitund og áhrif)
- 17 Samstarf um heimsmarkmiðin

<sup>9</sup> Menningarsókn Aðgerðaráætlun (2021) bls. 9, sbr. Aðgerð 1.

[https://www.stjornarradid.is/library/01-Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menningars%20a%20ger%c3%b0a%20a1%c3%a6tln%20til%202030\\_vefbirting\\_1%20-%20Copy%20\(2\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01-Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menningars%20a%20ger%c3%b0a%20a1%c3%a6tln%20til%202030_vefbirting_1%20-%20Copy%20(2).pdf)

<sup>10</sup> Sjá framkvæmdáætlun sem Minjastofnun Íslands auk annarra sérfræðinga mun gera vegna heildarskráningar og öryggis safnkosts (Menningarsókn - aðgerðaráætlun til 2030)

---

## AÐGERÐ 4 - VARÐVEISLA ÞEKkingAR OG SAMSTARF SAFNA

Mikil tækifæri felast í að deila fagkunnáttu og þekkingu sem verður til í safnastarfi. Þannig getur þekkingargátt í safnastarfi orðið að öflugtu tæki til að samnýta þá reynslu og þekkingu sem verður til á söfnunum, t.a.m. í varðveislu og miðlun.

Söfn efla samstarf og sækja styrki með það að markmiði en safnasjóður veitir styrki til lengri tíma í samstarfi safna, m.a. vegna sameininga. Að sama skapi er það hagur allra að efla samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir.

Þá er mikilvægt að efla alþjóðlegt samtal og taka virkan þátt í faglegri umræðu á heimsvísu. Söfn eru afar vel til þess fallin að styrkja alþjóðatengsl í víðu samhengi.

Fagmenntun lykilstarfsfólks viðurkenndra safna er mikilvæg og gera skal kröfu um fagmenntun þegar ráðið er í stjórnendastöður. Setja skal skýrar kröfur um fagmenntun þegar ráðið er í lykilhlutverk innan safna.

- I. Safnaráð hefur undirbúning þekkingargáttar sem hýst verður á vefsvæði safnaráðs í samráði við höfuðsöfn, viðurkennd söfn, fagfélög og aðra hagaðila.
- II. Áfram þarf að styðja við jafningjafræðslu og endurmenntun í safnastarfi en það er undirstaða faglegrs starfs í litlum söfnum. Samstarf og styrkir til safna um vistaskipti starfsfólks styðja við jafningjafræðslu, auk þess er farskóli safnafólks metnaðarfullur vettvangur endurmenntunar. Viðurkennd söfn skulu hvetja starfsfólk til að nýta sér farskólann.
- III. Starfsþróun starfsfólks safna er mikilvæg innanlands og utan og leita skal leiða til að koma á samstarfi við stofnanir og fagaðila sem sinna símenntun og starfsþróun og styðja við faglegt starf safna.
- IV. Höfuðsöfn og safnaráð halda árlega sameiginlegan opin fund.

---

## Ábyrgðaraðilar

Safnaráð, höfuðsöfn, viðurkennd söfn

Mögulegir samstarfsaðilar

Menningarráðuneyti, Rannís, námsbraut í safnafræði við HÍ

Mælikvarðar

- Fjöldi fagmenntaðs starfsfólks viðurkenndra safna
- Samstarfshópur verður stofnaður 2023 og þarfagreining unnin og þekkingargátt tekin í notkun á tímabili aðgerðaráætlunar

## Tengist markmiðum í Stefnumörkun um safnastarf

- 3.1 Menntun safnafólks
- 3.2 Öflug símenntunarstefna
- 3.3 Varðveisla þekkingar og öflugt upplýsingaflæði
- 4.1 Öflugt samstarf safna
- 4.2 Þekkingargátt í safnastarfi
- 4.3 Samstarf í menningarstjórnsýslu
- 4.4 Alþjóðlegt samstarf

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Aðgerðin styður við eftirfarandi heimsmarkmið:

- 4 Menntun fyrir alla
- 10 Aukinn jöfnuður
- 11 Sjálfbærar borgir og samfélög (Vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð)

---

## AÐGERÐ 5 - FRÆÐSLUHLUTVERK SAFNA

Hefð er fyrir öflugu fræðslustarfi safna í samstarfi við öll stig menntakerfisins enda gegna söfnin mikilvægu hlutverki sem óformlegar menntastofnanir. Það er því mikilvægt að efla fagþekkingu starfsfólks sem sinnir fræðslumálum. Leita þarf leiða til að efla fræðslustarfið enn frekar með áherslu á að auka vægi náttúru- og menningararfsins í menntun. Þannig má efla tengingar við háskóla- og fræðasamfélagið með góðu aðgengi að safnkosti og sameiginlegum rannsóknum, starfsnámi og aðkomu að kennslu. Söfn skulu sinna fjölbreyttri fræðslu, m.a. um innra starf safna.

Með vitund um menningar- og náttúruarf og tengsl fortíðar við samtímann, getur vitneskja aukist um lýðræði, réttlæti, sögulegt samhengi og samhengi lífs á jörðu. Æskilegt er að söfn og safnfræðsla séu tilgreind í aðalnámskrá.

- I. Fjallað skal um safnfræðslu og framkvæmd hennar í stefnumörkun viðurkenndra safna. Lögð er áhersla á uppbyggilega samvinnu við öll stig menntunar, m.a. með því að skapa tækifæri og rými fyrir samvinnu safnkennara, kennara og skólastjórnenda í formlega skólakerfinu á öllum menntastigum.
- II. Rannsaka þarf aðgengi nemenda að söfnum með greiningu á safnaheimsóknum (m.a. eftir skólum, söfnum, svæði, aðgengi og inngildingum allra hópa) með áherslu á landsbyggðir og úthverfi. Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um heimsóknir nemenda í söfn sem mikilvægt er að rýna betur.

---

## Ábyrgðaraðilar

Safnaráð, höfuðsöfn, viðurkennd söfn

## Mögulegir samstarfsaðilar

Menningarráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, háskólastofnanir

Mælikvarðar

- Að fræðslustefna sé hluti af stefnu viðurkennds safns - öll söfn árið 2027
- Fjöldi styrktra verkefna sem tengjast aðgerðum
- Fjöldi skólaheimsókna/verkefna unnin í samstarfi við skóla
- Greining á safnaheimsóknum eftir skólum/svæðum

## Tengist markmiðum í Stefnumörkun um safnastarf

- 1.1 Aðgengi að söfnum og safnastarfi
- 2.5 Langtímavarðveisla
- 5.1 Áhersla á faglega safnfræðslu
- 5.2 Öflugt samstarf við menntakerfið
- 5.3 Öflug tenging við háskóla- og fræðasamfélagið
- 5.4 Stafrænar leiðir í fræðslu og miðlun
- 6.2 Fjölbreyttar tegundir rannsókna
- 6.3 Stuðningur við fræðilegar rannsóknir
- 6.4 Aðgangur að frumgögnum
- 7.1 Stafræn miðlun

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Aðgerðin styður við eftirfarandi heimsmarkmið:

- 4 Menntun fyrir alla
- 10 Aukinn jöfnuður
- 11 Sjálfbærar borgir og samfélög (Vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð)



---

## AÐGERÐ 6 - ÞEKKINGARSKÖPUN Á SÖFNUM OG FRÆÐASTÖRF

Rannsóknir eru grundvallarþáttur í starfi safna. Leggja þarf áherslu á að efla og auka rannsóknir í söfnum og ekki síst miðla niðurstöðum þeirra. Mikilvægt er að viðurkennd söfn setji sér rannsóknastefnu og fylgi henni eftir. Nauðsynlegt er að auðvelda aðgang að frumgögnum safna til að styðja við rannsóknastarf og tryggja að varðveisla frumgagna og skráning sé í samræmi við kröfur (skráningarstaðlar). Samstarf við háskólana og fræðasamfélagið um rannsóknir, starfsnám og verkefni er hagur allra aðila og skilar nýrri þekkingu. Þar má leggja áherslu á þverfaglegar rannsóknir tengdar arfinum og að virkja nema í fjölbreyttum faggreinum og verkefnum.

Söfn sinna ólíkum tegundum rannsókna og beita mismunandi aðferðum við þekkingarsköpun. Öll þekkingarsköpun er grunnur að fræðilegu rannsóknastarfi.

- I. Styrkja á tengingu safna við háskóla- og fræðasamfélagið og hvetja til rannsókna eða verkefna í samstarfi við söfn, m.a. með því að ráða háskólanema í sérverkefni og skapa viðmið um starfsnám í söfnum.
- II. Viðurkennd söfn setja sér rannsóknastefnu og rannsóknir skulu kynntar, s.s. með útgáfu eða annarri miðlun.
- III. Safnaráð tekur þátt í samstarfsvettvangi ráðuneytis og háskóla- og fræðasamfélagsins um eflingu rannsókna í listum og menningu (sbr. Menningarsókn - aðgerðaáætlun til 2030). Liður í því er að tryggja hlutdeild safna í auknu fjármagni til rannsókna í samræmi við fjármálaáætlun stjórnvalda. Hvatt er til þess að söfn sækja einnig í þá sjóði sem styrkja rannsóknir<sup>11</sup>.
- IV. Unnið verður áfram að þróun hagvísu og tölfraedi og áhersla á að efla samstarf við Hagstofu.

<sup>11</sup> Sbr. aðgerð 4.2

---

## Ábyrgðaraðilar

Safnaráð, höfuðsöfn, viðurkennd söfn

## Mögulegir samstarfsaðilar

Menningarráðuneyti

## Mælikvarðar

- Að rannsóknastefna sé hluti af stefnu viðurkennds safns - öll söfn árið 2027
- Fjöldi þverfaglegra rannsókna
- Fjöldi rannsóknastyrkja
- Fjöldi starfsnema í söfnum
- Fjöldi verkefna í samvinnu við nema/HÍ
- Hagvísar og tölfræði - söfn og menning

## Tengist markmiðum í Stefnumörkun um safnastarf

- 5.3 Öflug tenging við háskóla- og fræðasamfélagið
- 6.1 Skýr rannsóknarmarkmið
- 6.2 Fjölbreyttar tegundir rannsókna
- 6.3 Stuðningur við fræðilegar rannsóknir
- 6.4 Aðgangur að frumgögnum
- 6.5 Þróun tölfræði og hagvísar um safnastarf

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Aðgerðin styður við eftirfarandi heimsmarkmið:

- 4 Menntun fyrir alla
- 9 Nýsköpun og uppbygging (Efla vísindarannsóknir)
- 10 Aukinn jöfnuður
- 11 Sjálfbærar borgir og samfélög (Vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð)



Safnaráð  
The Museum Council  
of Iceland